



Til aðildarsveitarfélaga SASS

Selfossi, 19. maí 2022

Efni: Aukaaðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2022

Aukaaðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) verður haldinn á Selfossi 15. – 16. júní nk. Auk aukaaðalfundar SASS verður fundur haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (HSL) og Sorpstöð Suðurlands (SOS) en fundirnir verða haldnir fimmtudaginn 16. júní.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt [skráningarform](#) fyrir **3. júní** nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2022	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.450	5
Skaftárhreppur	641	3
Mýrdalshreppur	814	3
Rangárþing eystra	1.971	4
Rangárþing ytra	1.810	4
Vestmannaeyjar	4.414	7
Ásahreppur	261	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	576	3
Flóahreppur	694	3
Sveitarfélagið Árborg	10.834	13
Hrunamannahreppur	818	3
Bláskógabyggð	1.164	4
Grímsnes- og Grafningshr.	525	3
Hveragerði	2.984	5
Sveitarfélagið Ölfus	2.481	5
Samtals	32.437	67

Kjörgengir á aukaaðalfundinum eru **framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn** þeirra.

Vakin er athygli á að á aukaaðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn **Sorpstöðvar Suðurlands** og **Heilbrigðisnefndar Suðurlands** og **framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga**, með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. **Þátttaka þeirra skal einnig tilkynnt með fyrr nefndu skráningarformi.**



Aukaaðalfundirnir eru einnig **opnir öðrum sveitarstjórnarmönnum** á starfssvæðinu sem áheyrnarfulltrúum, sem skulu einnig tilkynntir rafrænt með fyrrgreindu skráningarformi. Ánægjulegt væri að sjá sem flesta þar sem nýtt kjörtímabil er að hejast en þetta er kjörinn vettvangur til að kynnast sveitarstjórnarfólki á Suðurlandi og fræðast um starfsemi samtakanna.

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aukaaðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal samkvæmt samþykktum aðeins tilnefndur einn fulltrúi fyrir hvern eignaraðila.

Eignaraðilar Sorpstöðvarinnar eru eftirtaldir: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.

Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Selfossi fyrir þá sem koma á Selfoss miðvikudaginn 15. júní nk. en **ítrekað er að aukaaðalfundurinn verður haldinn 16. júní** og hann verður settur kl. 10:00.

Ætlast er til að **sveitarfélögin panti í einu lagi** fyrir sína fulltrúa með því að senda pöntun á netfangið; info@hotelfselfoss.is eða í síma 480 2500 í síðasta lagi föstudaginn 3. júní og taki fram að það sé **vegna aukaaðalfundar SASS 2022**. Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakanna þannig að sveitarfélögin þurfa ekki að gera það þó þau séu fulltrúar þeirra á fundinum.

Annar kostnaður vegna fundarins, þ.e. vegna kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aukaaðalfund skulu sendar stjórn þremur vikum fyrir aukaaðalfund eða í síðasta lagi 25. maí nk., þannig að þær liggja fyrir með öðrum fundargögnum.

Aukaaðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsvæðum í síðasta lagi þann 1. júní nk. Aukaaðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðin. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.

Með bestu kveðju,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri